

Refsing ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefir áður verið refsað, virðist vera hæfilega ákveðinn 500 kr. sekt í menningarsjóð, og verði sektin eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, komi í hennar stað 25 daga einfalt fangelsi. Svo greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærður, Benjamín Ólafsson, bóndi í Lækjarkoti, greiði 500 — fimm hundruð — króna sekt í menningarsjóð, og komi 25 — tuttugu og fimm — daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún eigi greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Svo greiði kærði og allan kostnað málsins.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 23. marz 1938.

Nr. 121/1937. **R. B. Barker & Co**

(Lárus Jóhannesson)

gegn

**skiptaráðandanum í Reykjavík f. h.  
Þrotabús s/f Gullfoss og Bjarna Run-  
ólfssyni. (Theódór B. Lindal)**

Sjóveðréttur til tryggingar vöruúttekt í Englandi.  
Meðalganga.

**Dómur hæstaréttar.**

Bú aðalstefnds í héraði, s/f Gullfoss, hefir verið tekið til gjaldþrotaskipta, og var skip félagsins, e/s Gullfoss R.E. 120, selt á nauðungaruppbóði þann 29. maí 1936.

Áfrýjandi gerir þær kröfur hér fyrir dómi, að staðfest verði niðurstaða hins áfrýjaða dóms að því

er snertir hið stefnda þrotabú, en þó með þeirri breytingu, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í uppboðsandvirði e/s Gullfoss R. E. 120 fyrir hinum dæmdu fjárhæðum, eða til vara fyrir £ 98—0—7. Svo krefst hann þess og, að stefnt þrotabú verði dæmt til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati réttarins. Þá krefst áfrýjandi þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnds Bjarna Runólfssonar í máli þessu, og að stefndur Bjarni verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati dómsins.

Af hálfu hins stefnda þrotabús hefir sú krafa ein verið borin fram hér fyrir dómi, að áfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða því málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati réttarins.

Stefndur Bjarni Runólfsson krefst *aðallega*, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en *til vara*, að sjóveðrétturinn verði aðeins viðurkenndur fyrir £ 5—15—0, og til *þrautavara*, að sjóveðréttur verði ekki dæmdur fyrir hærri fjárhæð en £ 59—18—6. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati réttarins.

Í málinu má telja það sannað, að af fjárhæð þeirri, £ 103—15—7, sem áfrýjandi krefst sér til handa, séu £ 98—0—7 fyrir kol, er tekin voru þann 17. marz 1936 til heimferðar skipsins Gullfoss, sem um ræðir í málinu, en það lét í haf frá Englandi þann 18. eða 19. s. m. Áfrýjandi heldur því fram, að afgangur kröfunnar, £ 5—15—0, sé eftirstöðvar af andvirði veiðarfæra, er tekin hafi verið út til nefnds skips, en gegn andmælum stefnds Bjarna Runólfssonar getur ekki talizt sannað, að svo sé, og er ekki upplýst, hvaða viðskipti liggja til grundvallar þessum hluta fjárhæðarinnar. Getur því ekki

komið til álita að dæma sjóveðrétt fyrir þeim hluta kröfunnar.

Stefndur Bjarni Runólfsson hefir haldið því fram, að skuld s/f Gullfoss við áfrýjanda hafi myndast vegna beins samnings félagsins við hann og án tilverknaður skipstjórans á e/s Gullfoss R.E. 120. Það er viðurkennt, að nefnt félag hafi samið við áfrýjanda um, að hann annaðist sölu afla af skipi þess og sæi um viðgerð á því, en gegn mótmælum áfrýjanda er ekki sannað, að félagið hafi beðið hann sérstaklega að annast innkaup eða greiðslu á kolum til heimferðar skipsins. Verður því að gera ráð fyrir því, að það sé rétt hjá áfrýjanda, að skipstjóri e/s Gullfoss hafi samið um þá úttekt. Þykja því vera fyrir hendi skilyrði samkvæmt 53. gr. og 4. tölulið 236. gr. sbr. 239. gr. siglingalaganna nr. 56/1914, sbr. við 2. gr. laga nr. 30/1936, til þess að dæma sjóveðrétt í uppboðsandvirði e/s Gullfoss fyrir nefndri fjárhæð, £ 98—0—7, og ber því að taka varakröfu áfrýjanda til greina.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður að því er varðar mál áfrýjanda gegn stefndu þrotabúi, en að stefndur Bjarni Runólfsson greiði áfrýjanda 200 krónur í málskostnað fyrir báðum réttum.

#### Því dæmist rétt vera:

Stefnt þrotabú s/f Gullfoss greiði áfrýjanda, R. B. Barker & Co, £ 103—15—7 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1936 til greiðsludags og kr. 224.20 í málskostnað í héraði, en málskostnaður í hæstarétti milli þessara aðilja falli niður. Áfrýjandi hefir sjóveðrétt í uppboðsandvirði

e/s Gullfoss R.E. 120 fyrir £ 98—0—7 af hinni dæmdu fjárupphæð, auk vaxta af henni sem áður segir og fyrrgreindri málskostnaðarupphæð.

Stefndur Bjarni Runólfsson greiði áfrýjanda 200 krónur í málskostnað fyrir báðum réttum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 19. júlí 1937.**

Mál þetta, sem dómtekið var 12. júní s. l., er höfðað fyrir sjóréttinum með stefnu útg. 18. júní 1936 af firmanu R. B. Barker & Co, Grimsby í Englandi, gegn s/f Gullfoss hér í bænnum til greiðslu skuldar, að upphæð £ 103—15—7 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1936 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Nemur hann skv. framlögðum reikningi kr. 224.20. Ennfremur krefst stefnandi þess, að sér verði tildæmdur sjóveðrétur í b/v Gullfoss R.E. 120 til tryggingar öllum framangreindum kröfum.

Aðalstefndur, s/f Gullfoss, hefir látið mæta í málinu, en engum andmælum hreyft gegn framangreindum kröfum aðalstefnanda. Verður hann því dæmdur til að greiða aðalstefnanda framangreindar upphæðir að fullu.

Með stefnu útg. 26. júní 1936 hefir Bjarni Runólfsson, bóndi að Hólmi í Vestur-Skaftafellssýslu, sem stefndur skv. skuldabréfi dags. 24. júní 1936 með 2 veðrétti í b/v Gullfoss skuldar kr. 10.500.00, gengið inn í mál þetta sem meðalgönguaðili. Hefir hann gert þær réttarkröfur aðallega, að framangreindar kröfur á hendur aðalstefndum verði niðurfelldar, eða til vara, að þær verði lækkadar, og að ekki verði viðurkenndur sjóveðrétur í b/v Gullfoss fyrir þeim, enda þótt þær yrðu teknar til teknar til greina að einhverju eða öllu leyti. Þá krefst meðalgöngustefnandi og málskostnaðar að skaðlausu sér til handa.

Í meðalgöngusökinni krefst aðalstefnandi sýknu og málskostnaðar.

Með því að stefndur í aðalsök hefir engum andmælum hreyft gegn kröfum aðalstefnanda, verður krafa meðalgöngustefnanda um niðurfellingu eða lækkun framangreindra upphæða ekki tekin til greina, heldur verður aðalstefndur dæmdur til að greiða þær að fullu, eins og áður segir.

Það, að aðalstefndur gerir engar athugasemdir við kröfur aðalstefnanda, nægir hinsvegar ekki gegn mótælum meðalgöngustefnanda til þess, að aðalstefnanda verið tildæmdur sjóveðréttur í nefndu skipi til tryggingar kröfunum. Verða því næst athugaðir málavextir og ástæður þær, sem meðalgöngustefnandi byggir á þá kröfu sína, að sjóveðréttur verði ekki viðurkenndur í b/v Gullfoss fyrir kröfum aðalstefnanda.

Að því er bezt verður séð á skjölum málsins, virðast málavextir vera þeir, að skip aðalstefnds b/v Gullfoss hafi gengið á veiðar í ársbyrjun 1936 og lagt afla sinn upp í Grimsby. Umboðsmaður útgerðar skipsins um aflasölu þar var aðalstefnandi í máli þessu. Hinn 11. janúar kom skipið til Grimsby og lagði þar upp afla sinn. Er það kom inn þá, skuldaði útgerðin aðalstefnanda £ 209—13—2, sem hann tók af andvirði aflans. Skipið lá síðan í Grimsby til viðgerðar frá 11. janúar til 17. marz 1936, og annaðist aðalstefnandi greiðslu viðgerðarkostnaðarins gegn sérstakri bankatryggingu. Auk þess seldi aðalstefnandi og útvegaði skipinu vörur o. fl. fyrir nokkur hundruð £. Áður en skipið lét úr höfn í Grimsby eftir viðgerðina greiddi aðalstefnandi fyrir það veiðarfærareikning að upphæð £ 43—17—1 og seldi því kol fyrir £ 98—0—7, og þegar heildarreikningurinn var gerður upp, kom fram hin umstefnda skuld.

Aðalstefndi telur sig nú hafa sannað í máli þessu, að sjóveðréttur í skipinu sé fyrir báðum hinum nefndu upphæðum (veiðarfæri og kol), þar eð báðar úttektirnar séu framkvæmdar af skipstjóranum á skipinu og hafi verið nauðsynlegar til framhaldsferðar skipsins, enda telur hann, að stefnukrafan séu þessir liðir reikningsins.

Hinn framlagði reikningur um viðskipti aðalstefnanda og aðalstefnds er mjög ógreinilegur að því leyti, að allar dagsetningar vantar í hann við hinar einstöku úttektir og greiðslur. Það verður þó að ætla, að reikn-

ingurinn sýni viðskiptin í rétttri timaröð, þannig að úttekt, sem fyrr stendur á reikningnum, hafi farið fyrr fram en úttekt, sem síðar stendur. Á eftir nefndum veiðarfæra-reikningi og kolaúttekt eru færðir margir úttektarliðir, sem samanlagt nema margfalt hærri upphæð en hinni umstefndu skuld og sem skv. framansögðu verður að telja stofnað til á eftir henni. Nú verður það að teljast föst og viðurkennd regla í okkar rétti, að þegar greitt er upp í skuld skv. föstum reikningsviðskiptum, skuli greiðslan skoðast greiðsla upp í elzta hluta viðskiptanna á hverjum um tíma, nema sérstaklega sé um annað samið. Sömu reglu verður að telja gilda, þegar sá, sem út tekur, hefir átt inni hjá þeim, sem úttektina veitir, á þann hátt, að hinar hlaupandi úttektir skulda jafnist við inneignina í þeirri röð, sem þær fara fram í, á meðan að inneignin hrekkur, nema sérstaklega sé um annað samið.

Nú liggja engar sannanir fyrir í máli þessu um það, að svo hafi verið um samið, að greiðslur þær, er aðalstefnandi fékk frá aðalstefndum, skyldu ekki ganga upp í umræddan veiðarfæra-reikning og kolaúttektina, heldur til greiðslu síðari liða heildarreikningsins.

Skv. framansögðu verður því að telja, að þeir liðir séu þegar greiddir, og þarf því þegar af þeirri ástæðu ekki að taka til athugunar, hvort sjóveðréttur átti annars að fylgja þeim.

Það verður því að telja, að hin umstefnda skuld sé eftirstöðvar síðari úttektar á heildarreikningnum, og með því að ekki er sannað, að þeim úttektum fylgi sjóveðréttur, þá er ekki unnt að taka kröfu aðalstefnanda um viðurkenningu sjóveðréttar í b/v Gullfoss fyrir stefnukröfunum til greina.

Eins og áður segir, verða aðrar kröfur aðalstefnanda teknar til greina að öllu leyti, þar eð aðalstefndur hefir ekki mótmælt því að skulda aðalstefnanda umstefnda upphæð og engar athugasemdir gert við vaxta og málskostnaðarkröfuna.

Eftir þessum úrslitum þykir ekki verða komizt hjá því að dæma aðalstefnanda til að greiða meðalgöngustefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 60.00.

Þvi dæmist rétt vera:

Aðalstefndur, s/f Gullfoss, greiði aðalstefnandanum R. B. Barker & Co, £ 103—15—7 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1936 til greiðsludags og kr. 224.20 í málskostnað.

Aðalstefnandi greiði meðalgöngustefnanda, Bjarna Runólfssyni, kr. 60.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. marz 1938.

Nr. 13/1937. **Arreboe Clausen** (Jón Ásbjörnsson)  
 gegn

**Sigursveini Egilssyni**

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Bætur fyrir slit á vinnusamningi.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu útgefinni 12. febrúar f. á., fengið hefir gjafsókn fyrir hæstarétti og sér skipaðan talsmann, krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 900.00 með 6% ársvöxtum frá 1. marz 1936 til greiðsludags og ennfremur málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Stefndi hefir hinsvegar krafizt *aðallega*, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, *til vara*, að hann verði einungis dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 600.00, og málskostnaður fyrir hæstarétti verði látinn niður falla, og *til þrautavara*,